



## Almenn skilyrði til þátttöku í prófkjöri

*Frambjóðendur sem hyggjast taka þátt í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022 þurfa að uppfylla neðangreind skilyrði til þátttöku.*

Frambjóðandi í prófkjöri þarf að vera skráður í Sjálfstæðisflokkinn og eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hyggst bjóða sig fram í.

Frambjóðandi þarf að skila inn framboði rafrænt á xd.is með rafrænum skilríkjum .

Hverju framboði skulu fylgja meðmæli 20 flokksfélaga sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu.

Frambjóðendur til prófkjörs skulu kynna sér prófkjörsreglur Sjálfstæðisflokksins, skipulagsreglur flokksins og persónuverndarstefna flokksins og undirrita yfirlýsingu þess efnis, að þeir hafi kynnt sér reglurnar og muni fara eftir þeim.

Frambjóðandi skal greiða þátttökugjald í prófkjörinu sem kjörnefnd viðkomandi sveitarfélagsi ákveður. Framboð telst ekki gilt fyrr en gjaldið hefur verið greitt skv. nánari ákvörðun kjörnefndar.

Frambjóðandi skal greiða tryggingu til Sjálfstæðisflokksins við afhendingu kjörskrár. Upphæð tryggingar er ákveðin af skrifstofu Sjálfstæðisflokksins og er hún að fullu endurgreidd þegar eintaki af kjörskrá hefur verið skilað og/eða eytt með fullnægjandi hætti. Frambjóðandi undirritar trúnaðaryfirlýsingu um meðferð kjörskrár og eið þess efnis að viðkomandi muni í einu og öllu fylgja reglum flokksins og landslögum við meðferð skrárinnar.

**Á meðan prófkjöri stendur, sem og í aðdraganda þess, skal allt efni sem frambjóðendur senda frá sér í ræðu og riti vera á ábyrgð og í nafni viðkomandi frambjóðanda. Óheimilt er að merkja slíkt efni með merkjum flokksins. Einnig er óheimilt að setja slíkt efni fram með öðrum hætti í nafni Sjálfstæðisflokksins.**

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Sjálfstæðisflokksins í síma 515-1700